

**Ed.**

**384. Bráðabirgðaálit**

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvik.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir álitid sjálfsagt að vanda sem bezt at-  
hugun þessa frv. og tveggja annara sama eðlis, en nokkur misbrestur virðist  
hafa verið í því efni áður, þar sem sjávarútvegsnefnd Nd. hefir hvorki nú  
eða í vetur haft handa milli þau skjöl og skilríki viðvikjandi þessu máli, sem  
nauðsynleg mega teljast. Meiri hluti nefndarinnar hefir þess vegna ritað vita-  
málastjóra og farið fram á að fá hjá honum allar nauðsynlegar upplýsingar  
viðvikjandi hinni verkfræðilegu hlið málsins. Jafnframt hefir stjórn Lands-  
bankans og fjármálaráðherra verið skrifað og óskað eftir álitsgerð um fjármála-  
hliðina í sambandi við ábyrgð rikissjóðs á slíkum fyrirtækjum, og hversu forðast  
megi í því sambandi hættur, sem virðast vera nærliggjandi, ef ekki er betur  
um hnúta búið heldur en er í frv. eins og nú er frá því gengið.

Þegar meiri hlutinn hefir fengið í hendur nauðsynleg skilríki um þetta

mál, mun hann bera fram framhaldsnefndarálit, en að svo vöxnu máli getur meiri hl. ekki lagt til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,  
form. og frsm.

Jónas Jónsson,  
fundaskrifari.